

guðdóinlegt boðord, sem allir verða að hlýða, og svo hlýða menn, kenna og prédika siðalærdóma, sem búnir voru til fyrir einu, tveimur, þremur þúsundum ára. Nú t. d. lifa menn eftir siðalærdómum þeim, sem búnir voru til sumpart fyrir tveimur, sumpart fyrir þremur til fjórum þúsundum ára. Andlega og siðferðislega eru menn því að reyna að líkjast þeim mönnum, sem stóðu á því siðferðisstigi, er talið var gott og gilt fyrir þrjú þúsund árum.

Eg segi að mönnum lærist þessar hugmyndir. Fremur öllum öðrum á móðirin þátt í því, að vekja þessar hugmyndir hjá börnum sínum. Það er æfinlega móðirin, sem lætur sér mest annt um börnin sín, hún elskar þau oft meira en sitt eigið líf, hún vill láta þeim í té allt hið bezta, sem hún getur, hún vill gæða þau öllum þeim fjársjóðum, sem hún á bezta í eigu sinni. En nú er hún frædd af prestunum, hefir drukkið inn í sig lærdóma kyrkjunnar, og hún ætlar, að þessir lærðómar sé nauðsynlegir til sáluhjálpar sinnar eigin og barna sinna. Þess vegna verða það lærðómar kyrkjunnar, sem mynda og móta sálarlíf barnanna. Móðirin er undirkennari prestanna eða kyrkjunnar. Allar þær hugmyndir, sem vér því höfum um mannlífið, veröldina, um hið sanna, fagra og góða, eru þess vegna í fyrstu skapadár, mótaðar, lagadár af kyrkjunni. Þær kunna að breytast, þessar hugmyndir, hjá mönnum, sem læra og fræðast eitthvað meira, eitthvað utan kyrkju. En undirstaðan er kyrkjunnar. Að þessu leytinu á hún því menn með lífi og sál, með húð og hári. Og margur maðurinn, sem þykist vera búinn að brjóta af sér fjötra prestanna og kyrkjunnar, hann veit ekki af því, að hann sýnir það í framferði sínu, í hugsun sinni, í tali sínu, kannske í allri lífsstefnu sinni, að hann ennþá er andlega þrælbundiinn á klafa kyrkju þeirrar, sem hann hatar.

Pegar vér nú fórum að hugsa út í það, þá sjáum vér, að grundvöllurinn fyrir siðalærdómi kyrkjunnar er glæpur, það má kalla það *heilagan* glæp eða *guðdómlegan* glæp, en hvernig sem menn snúa sér í því máli, þá er og verður það alla daga glæpur. Og þetta er hin *fegursta*, *göfugasta*, *hálcitasta*, *helgasta* hugmynd, sem kyrkjan, rétttrúnaðurinn á til í eigu sinni. Það er